

Tregða til að breytast í síbreytilegum heimi

Tilvistarkreppa sjávarþorpa?

Fyrst langar mig til að segja ykkur örlítið af sjálfri mér. Ég bý í Grundarfirði, er fædd og uppalin í Stykkishólmi og hef líka búið á Djúpavogi og Egilsstöðum, með viðkomu í Reykjavík og Bretlandi. Stærstan hluta ævinnar hef ég búið í þorpum á landsbyggðunum, í sjávarþorpum og landbúnaðarhéraði. Í þessum heimabörpum mínum hef ég unnið í fiski, sinnt landbúnaðarstörfum, verið kennslukona, bensíntittur, sundlaugarvörður, bankastarfsmaður, hóteltjóri, bæjarfulltrúi og ráðgjafi. Í störfum mínum sem ráðgjafi í þátttöku almennings hef ég stýrt íbúáþingum í stórum byggðum og smáum, síðustu 14 árin og nú síðustu tvö árin hef ég svo fengið að kynna enn fleiri þorpum í gegnum störf mín með Byggðastofnun í verkefninu „Brothættum byggðum“.

Grundarfjörður er heimahöfnin mín, en verandi „háskólamenntaður sérfræðingur“, er vinnan mín út um allt land, sem kallar á mikil ferðalög. Að því leyti get ég sennilega ekki talist „týpísk“ landsbyggðarkona – hvað svo sem það nú er. Ég hef ekki gengið í kvenfélagið en ég syng með kirkjukórnum.

Samband mitt við lítil þorp er einskonar ástar- og haturssamband, en þegar allt er talið, er það þar sem hjarta mitt slær.

Sjávarþorpin okkar eru í hættu. Í yfirskrift þessa erindis, nota ég orðið „tilvistarkreppa“ og spyr hvort ein af skýringunum á þessari tilvistarkreppu gæti verið tregða til að breytast í síbreytilegum heimi. Við því er ekkert einhlítt svar, enda viðfangsefnið flókið og margbrotið. Mín niðurstaða er hins vegar sú að við séum of föst í því sem er og þurfum að taka fagnandi á móti nýjum straumum.

Leyfið mér að deila hér aðeins frá hjartanu. Mig dreymir um að við værum duglegri við að gefa fólki séns, leyfa öllum konum og körlum, ungum og öldnum að vera þau sjálf, óháð því hvaða ætt eða fjölskyldu þau tilheyra, hver maki þeirra er, eða hvað þau starfa. Ég vildi að við stæðum betur við bakið á frumkvöðlum, líka þeim sem hugsa út fyrir rammann. Stundum getur það hjálpað frumkvöðlinum að við spyrjum gagnrýnna spurninga, en stundum þurfa frumkvöðlarnir bara örlítinn áhuga og hvatningu frá öðrum. Ég vildi óska þess að við kynnum betur að meta framsækni og kjark, í orði og á borði og að setningin „Hvað heldur hann að hann sé?“ þurkaðist endanlega út úr hugum okkar.

Ég vona að karlarnir haldi áfram að hittast og ræða málin í Hafnarskúrnum og konurnar haldi áfram að baka fyrir erfidrykkjur og láta gott af sér leiða í samfélaginu. En ég vona líka að konur komi saman á forsendum þess að þær hafa þekkingu og menntun. Mér dettur í hug, Tengslanet austfirskra kvenna. Ég vildi að við hættum að vera alltaf stilltar og þrúðar og þyrðum stundum að rugga bátnum. Þær eru innblástur, konurnar á Ísafirði sem hengdu barnaföt á þvottasúrur á Silfurtorginu, til að minnast látinna barna í Palestínu eða stóðu fyrir mótmælum vegna fangelsunar kvennahljómsveitarinnar Pussy Riot.

Ég vildi að karlar okkar sýndu sinn raunverulega styrk og leyfðu okkur konunum að hvíla í okkar styrk, sem jafningjar. Ég vildi að við konur hættum að óttast eigin styrk. Mig dreymir um að sem flestir átti sig á því að töffaraskapur og harka duga ekki ein og sér til að skapa farsæla framtíð.

Mig dreymir um að við virðum betur söguna okkar og lærum um hvaðan við komum. Að við minnumst þess fólks sem byggði upp fyrirtæki og þorp með tvær hendur tómar. Frumkvöðla sem áttu kannski ekkert annað en kjark, þor og trú á framtíðina. Fólksins sem skapaði auðæfi sem við fáum að njóta í dag. Að við ræktuðum með okkur þakklæti og hefðum þessa sögu í huga þegar við hundsum hugmyndir og framsækni dagsins í dag.

Kynslóð sem ekki virðir söguna og þann jarðveg sem hún er sprottin úr, lætur sig um fátt varða, rifur gömul hús, gerir gys að gömlu handverki og heldur að hún sjálf sé upphaf og endir alls. Hún nær kannski árangri um sinn, en hennar verður vart minnst með virðingu og þakklæti af þeim sem á eftir koma.

Það eru margar leiðir til að virða söguna. Mér verður hugsað til Raufarhafnar. Þorps sem byggðist upp við ysta haf, vegna þess sem sjórinn gaf og vegna krafts frumkvöðla. Þorps sem í dag stendur frammi fyrir þeirri grundvallarspurningu hvort byggðin muni lifa eða deyja. Raufarhöfn er svo margt annað en Raufarhöfn dagsins í dag og var eitt sinn blómstrandi byggð, þar sem allt iðaði af lífi. Ég sé fyrir mér að íbúar, núverandi og brottfluttir, kæmu saman og segðu Raufarhafnarsögur. Sögur af fólki, náttúru, atvinnulífi og hjartslætti áranna. Það yrði örugglega góð skemmtun og næring fyrir andann, en ég er líka sannfærð um að þetta myndi breyta skynjun fólks á Raufarhöfn dagsins í dag.

Lengi hef ég gælt við þá hugmynd að í einhverju þorpi kæmu ungir og aldnir saman og myndu skapa eitthvað út frá þemanu „hjarta þorpsins“. Sjáum fyrir okkur stóran kistil, þar sem íbúar koma og leggja allskonar hluti í, sem fyrir þeim eru táknrænir fyrir „hjarta þorpsins“. Spýtu úr gömlum báti, skilti með merki gamla frystihússins, ljósmynd af ættmóður, listaverk eftir leikskólabörnin, listinn er endalaus, ekkert sem takmarkar. Svo er horft yfir góssið og spurt: „Hvað getum við gert úr þessu?“ Útkoman gæti verið listaverk sem mætti setja upp í þorpinu miðju, skemmtidagskrá, eða eitthvað allt annað. Það er eitt af því sem er svo heillandi við sköpunina, við getum aldrei séð útkomuna nákvæmlega fyrir. Og í gegnum ferlið hefur spurningin um hjarta þorpsins ekki aðeins virkjað hugmyndaflug og aukið samskipti, heldur breytt afstöðunni til þorpsins.

Ég á mér draum um lítið þorp sem setur það á dagskrá að verða betra samfélag og meira skapandi. Þar sem íbúarnir koma saman einu sinni á ári og ræða um hvernig gengur, vinna með nýjar hugmyndir, virkja eigin kraft, hæfileika og ástríðu til að bæta samfélagið. Köllum það íbúabínging. Hvers vegna gæti ekki samfélagið sjálft staðið fyrir íbúabínging? Sínu eigin þingi þar sem íbúar skipuleggja og leiða umræðu sjálfir. Þarf slíkur vettvangur endilega að vera á vegum sveitarstjórnar eða einhvers opinbers aðila? Ég sé fyrir mér fólk hópast á staðinn, fullt af áhuga og allir leggja með sér kökur á kaffiborðið. Höfum við gleymt hvers við erum megnug?

Mín niðurstaða er sú að við séum of föst í því sem er og þurfum að taka fagnandi á móti nýjum straumum. Rökin fyrir því byggi ég sérstaklega á kenningum Richard Florida um hina skapandi stétt.

Árið 2002 kom út bókin *The Rise of the Creative Class*, eftir Richard Florida og uppfærð útgáfa kom svo út árið 2011. Þar sýnir hann fram á að *“Aðgengi að hæfileikaríku og skapandi fólki sé fyrirtækjum nútímans það sama og aðgangur að járn- og kolanámum var fyrir stáliðnaðinn”* og að hin nýja „skapandi stétt“ sé nú um þriðjungur vinnuafls í Bandaríkjunum.

Florida nefnir sérstaklega eftirfarandi þrjú atriði, varðandi sköpunarkraftinn og birtingarmynd hans í nútímanum.

Í fyrsta lagi að sköpunarkraftur og sköpun er rauði þráðurinn í lífsstíl og starfsumhverfi dagsins í dag. Hagfræðingurinn Paul Romer sagði að mestu framfarir í lífsstandard, að ekki sé talað um stærstu samkeppnisforskotin á markaði, hafi alltaf byggst á „betri uppskriftum, ekki bara því að elda meira“.

Í öðru lagi að sköpunarkraftur mannsins er ekki takmarkaður við nýsköpun í tækni eða að búa til ný viðskiptamódel. Hann er víðfeðmur og snertir margar víddir; ekki eitthvað sem við getum geymt í boxi og kippt upp þegar við mætum á skrifstofuna. Sköpun nær yfir hinar ýmsu venjur hugans og hegðunarmynstur, sem þarf að rækta, bæði einstaklingsbundið og í samfélaginu sem við lifum og hrærumst í. Og starfsumhverfi og samfélög eru annað hvort hvetjandi eða letjandi fyrir þessa miklu auðlind, sköpunarkraftinn.

Loks nefnir Florida í þriðja lagi, þá stöðugu spennu sem ríkir milli sköpunar og skipulags. Sköpunarferlið er félagslegt, ekki bara einstaklingsbundið; það þarf skipulag og skipulagsheildir. En skipulagsheildir og stofnanir eiga það til að hefta sköpunarkraftinn.

Umræða og áhersla á mikilvægi sköpunarkraftsins í þróun er á blússandi fart í heiminum. Nýlega kom út hér á landi, bókina Sköpunarkjarkur eftir Tom og David Kelley, tvo brautryðjendur á sviði nýsköpunar. Þá má nefna bókina Creative Cities eftir Charles Landry, sem jafnframt er einn þeirra sem hefur fjallað um meiri áherslu á sköpun innan stjórnkerfisins.

Samkvæmt Florida er sköpun og hinar skapandi greinar, eða hin skapandi stétt, afgerandi drifkraftur í efnahagsþróun nútímans. Hann skiptir hinni skapandi stétt í tvo flokka, annars vegar fólk sem hefur sköpun að aðalstarfi og hins vegar fólk sem starfar á öðrum sviðum, en beitir sköpun í störfum sínum. Í fyrrnefnda hópnum eru til dæmis vísindamenn, verkfræðingar, háskólaprófessorar, skáld, listamenn, leikarar, hönnuðir, arkitektar og ýmsir fleiri. Í hinum hópnum má finna fólk á öllum sviðum samfélagsins, til dæmis í tæknigeiranum, fjármálum, lögfræði og heilbrigðisþjónustu, svo eitthvað sé nefnt. Og konur eru í meirihluta í fyrrnefnda hópnum, í það minnsta samkvæmt talningu í Ameríku, 52%. Það liggur í hlutarins eðli að hér erum við að tala um fólk sem fellur ekki í fjöldann, heldur sker sig úr, til dæmis vegna lífsstíls eða klæðaburðar. Margir eru einhleypir og einhverjir samkynhneigðir.

Og þetta fólk sækist eftir ákveðnum skilyrðum og þar með stöðum til að búa á. Í stuttu máli má lýsa slíkum stöðum, þannig að þeir eru staðir þar sem flestir fá að njóta sín á sínum forsendum, líka þeir sem „skera sig úr“. Ákveðnar aðstæður og uppbygging getur hjálpað og göngu- og hjólastígar falla vissulega í kramið, en duga ekki einir og sér til að laða þennan þjóðfélagshóp að. Fólk er að leita að samfélagi sem er víðsýnt og fagnar fjölbreytileika. Þannig að það eru viðhorfin sem koma á undan. Það sem síðan laðar að, eru ekki endilega atvinnutækifæri, heldur laðar fólk að annað fólk.

Sem sagt, gefum okkur það – og ég tek það sem minn útgangspunktur hér, að aukin áhersla á virkjun sköpunarkraftsins sé forsenda næsta þróunarstigs í vestrænum heimi, bæði fyrir byggðapróun og fyrir aukna lífsfyllingu okkar sem einstaklinga.

Og rannsóknir og reynsla sýna að á sumum stöðum er iðandi gerjun, fjöldi frumkvöðla langt yfir meðaltali, fyrirtækjum og íbúum fjölgar og það er einhvernveginn „allt að gerast“. Þá er vert að spyrja, hvað þýðir þetta fyrir lítil sjávarþorp á Íslandi í dag, sem byggðust upp vegna nálægðar við fiskimið og góðra hafnarskilyrða? Eru þau tilbúin fyrir framtíð sem byggir á allt öðrum gildum og forsendum? Forsendum, sem e.t.v. eru framandi?

Okkur hættir til að tala um þróun eins og hún sé línuleg. Að það nægi að taka eina ákvörðun, marka eina stefnu og þá breytist allt. En hér er viðfangsefnið mun flóknara og þróunin svo „organísk“ að stundum sjáum við ekki fyrr en eftir á, hvar viðsnúningurinn hófst.

Lítum á nokkur dæmi:

Ashburton er lítill bær í Dartmoor þjóðgarðinum í Bretlandi. Þar opnuðu hjón háklassa veitingahús í bæ þar sem allt var á niðurleið. Veðjuðu á framtíðina í Ashburton og urðu öðrum þar með hvatning til að gera slíkt hið sama.

Núna segir á Trip Advisor:

Agaric Restaurant is almost entirely to blame for Ashburton's recent transformation from quiet Devon town to foodie mecca.

Totnes í Devon í Bretlandi er lítill bær sem er „öðruvísi“. Fyrir nokkrum árum hitti ég breskan arkitekt sem var búsettur í New York og var að meika það þar. En hann var að flytja til Totnes því þar var svo margt að gerast. Þar hefur um nokkurn tíma verið iðandi gerjun, framsýni og sköpun. Fyrir 15 árum var svona „nýaldar“ stemming í Totnes og sennilega átti bærinn þá met í fjölda heilara per íbúa. Í grennd við Totnes er Schumacher College, sem byggir á arfleifð breska hagfræðingsins E.F. Schumacher, sem m.a. er þekktur fyrir setninguna „small is beautiful“. Þangað geta íbúar komið reglulega og hlýtt á erindi fremstu hugsuða heims á sviði sjálfbærni og umbreytingar. Totnes er einn af svokölluðum „Transition towns“, sem er verkefni um allan heim, þar sem samfélagið og sveitarfélagið taka sig saman um aðgerðir til að búa sig undir framtíð þar sem minnkun jarðefnaeldsneyta og hlýnun jarðar er staðreynd. Þetta hljómar allt svolítið sérvískulega, er það ekki? En af þessu má draga þann lærdóm að framsækið sjávarþorp á Íslandi þarf að hafa kjark og þor til að gefa því sem hljómar framandi, séns.

Ég þekki unga og kraftmikla konu á Seyðisfirði, klæðskera, sem flutti austur eftir að hafa búið í nokkur ár í Reykjavík. Mikil gerjun í sköpun og listum, ásamt fjölskyldutengslum drógu fjölskylduna heim. Ég spurði hana hvort hún fengi næga næringu fyrir austan. „Almáttugur já, ég kemst ekki einu sinni yfir að gera allt sem mig langar“.

Bílddælingar sýndu þessi opnu viðhorf og héldu glæsilega gufupönkhátíð í sumar. Vonandi þá fyrstu af mörgum.

Á Hornafirði virðist vera meira kjörlendi fyrir frumkvöðla en víða annars staðar. Einn frumkvöðull á staðnum sagði þetta aðspurður um samstarf heimamanna í ferðaþjónustu „ég held að við hér í austur Skaftafellssýslunni kunnum að vinna saman af því að við urðum að gera það hér áður fyrr. Aðstæðurnar voru svo erfiðar.“

Viðsnúningur í þróun sjávarþorpa sem eiga sér óvissa framtíð, mun ekki gerast eingöngu vegna aðgerða ríkisstjórnar – ekki misskilja, stefnumörkun stjórnvalda skiptir sköpum og hún getur stutt eða stoppað þróun, en þetta snýst um svo miklu fleira en stefnumörkun stjórnvalda. Sveitarfélögin munu ekki bera kyndilinn ein. Þau eru of veikburða fjárhagslega og ramminn um starfsemi þeirra er stjórnsýsla, miklu frekar en stefna – og svo er allur gangur á því hvort markmiðin lifa af næstu kosningar. En þau eru samt lykilaðilar, því þau geta til dæmis stutt eða latt frumkvöðla, sveitarstjórnir geta tekið upp vinnubrögð og starfsumhverfi sem er hagstæðara konum og svo mæli ég eindregið með því að ráða konu sem bæjarstjóra í sjávarþorpum, það er svo gott mótvægi við karlaveldið!

Nei, þetta er verkefni samfélagsins alls og frumkvæðið þarf að koma frá fólkinu sjálfu.

Að lokum. Ég vildi að við værum duglegri að minna okkur á og þakka fyrir öll gæðin sem við höfum í litla þorpinu. Stórbrotna náttúru sem umvefur okkur og við getum notið dag hvern án þess að aka um langan veg, gengið á fjöll, farið til berja og kannski synt í sjónum. Það að búðarferðin tekur innan við hálf tíma að meðtöldum ferðum og þú heilsar að minnsta kosti annarri hverri manneskju í búðinni. Annars myndirðu klára á korteri. Kextegundirnar eru kannski færri en í stórmarkaðnum, en vonandi ræður það ekki úrslitum um lífshamingjuna. Að þú getur verið félagi í golfklúbbi án þess að vera í hátekjuhópi. Að eiga meiri tíma því þú þarft aldrei að bíða á rauðu ljósi. Hvað börnin hafa mikið frelsi. Að finna algjöra kyrrð að morgni, eða seint að kvöldi eftir að þorpið er gengið til náða og norðurljósinn kannski dansa um himininn, þar sem engin ljósmengun truflar. Að þekkja og umgangast fólk sem er ólíkt þér, hefur annan bakgrunn, er á öðrum aldri og hefur kannski skoðanir sem eru ólíkar þínum. En þið eruð bæði hluti af þessu samfélagi og þess vegna eru örlög ykkar samofin. Í borginni komumst við frekar upp með að umgangast bara fólk í okkar kreðsi, með hefur sömu sýn og við á lífið. Og það er svo margt, margt fleira sem vert er að þakka.

Ég sagðist eiga í ástar- og haturssambandi við það að búa í litlu þorpi. Ekki þorpið sem slíkt heldur það sem einkennir lífið í litlu þorpi. Það sem mér finnst erfiðast eru hlekkir hugarfarsins. Að við hugsum ekki stórt og okkur tekst stundum illa að leyfa hverju öðru að blómstra. Þess vegna trúi ég því að þorp sem hellir sér í svona „innri vinnu“, „fer að vinna í sjálfu sér“, eigi mikla möguleika og að það í sjálfu sér geti laðað að fólk.

Yfirskrift þessa erindis er spurningin: Tregða til að breytast í síbreytilegum heimi. Tilvistarkreppa sjávarþorpa? Mitt svar er já, en ég kys að líta ekki á það sem dauðadóm, heldur sem spennandi tækifæri. En til þess þurfum við að vera tilbúin að breyta hugsun okkar og afstöðu, sem samfélag og við, einstaklingarnir sem sköpum þetta samfélag. Framtíðin er í okkar höndum.

Lifið heil.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, MSc.